



Reykjavíkurborg

mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa

Reykjavík, 29. apríl 2021

R21040315

1370

ep

Mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráð

***Erindisbréf starfshóps um ókyngreinda aðstöðu í skóla- og frístundahúsnæði  
Reykjavíkurborgar***

Stofnaður hefur verið starfshópur um ókyngreinda aðstöðu í skóla- og frístundahúsnæði, erindisbréf starfshópsins ásamt fylgigögnum er hér með sent mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráði til kynningar.

Forsaga máls er eftirfarandi: Á fundi mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráðs þann 25. júní 2020, var lagt fram meðfylgjandi minnisblað mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu um fyrsta hluta úttektar á aðgengi að húsnæði í eigu Reykjavíkurborgar, sbr. 1 lið fundargerðar mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráðs s.d..

Mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráð lagði fram og samþykkti svohljóðandi málsmeðferðartillögu:

Lagt er til að mannréttindastjóra í samvinnu við skóla- og frístundasvið, umhverfis- og skipulagssvið og aðgengis- og samráðsnefnd um málefni fatlaðs fólks verði falið að vinna áætlun um forgangsröðun framkvæmda við skólahúsnæði og eftir atvikum aðra þjónustustaði borgarinnar, með það sérstaklega í huga að tryggja aðgengi. Áætlunin feli í sér fjárhagsmat einstakra framkvæmda. Auk þess verði unnar tillögur að samræmdum aðgengismerkingum ásamt kostnaðarmati.

Mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráð lagði fram svohljóðandi bókun:

Brýnt er að tryggja aðgengi allra kynja og fólks óháð fötlun að húsnæði og þjónustu borgarinnar. Reykjavík er og á að vera fjölbreytt borgarsamfélag fyrir alla þar sem mannréttindi eru í hávegum höfð.

Með kveðju

Anna Kristinsdóttir  
mannréttindastjóri Reykjavíkurborgar

Hjálagt:

Erindisbréf starfshóps um ókyngreinda aðstöðu í skóla- og frístundahúsnæði  
Minnisblað mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu um fyrsta hluta úttektar á ókyngreindum salernum dags. 8. júní  
2020



R21040315

## ERINDISBRÉF

### Starfshópur um ókyngreinda aðstöðu í skóla- og frístundahúsnæði Reykjavíkurborgar

Lög nr. 80/2019 um kynrænt sjálfræði bættu réttarstöðu trans fólks og tryggðu möguleika fólks á hlutlausri kynskráningu. Á Íslandi eru nú þrjár möguleikar í boði í opinberri kynskráningu; karl, kona, kynsegin/annað. Trans börn sem eru yngri en 15 ára geta fengið sinni kynskráningu breytt með samþykki forsjáraðila eða með samþykki sérfræðinefndar.

Í reglugerð nr. 941/2002 um hollustuhætti, sem nú er í endurskoðun vegna laga um kynrænt sjálfræði, segir: *Þar sem skilrúm salernisklefa ná ekki niður að gólfi og upp að lofti skulu salernisrými vera aðgreind fyrir konur og karla.* Reglugerðin kveður ekki á um kyngreinda búnings- og baðaðstöðu.

Reykjavíkurborg vill vera í fararbroddi þegar kemur að réttindum trans fólks og tryggja möguleika þeirra á þátttöku í skóla- og íþróttastarfi sem og samfélaginu öllu. Þörf er á að greina stöðu mála í skólum og frístundahúsnæði borgarinnar og vinna að breytingum þar sem þarf til þess að tryggja ókyngreinda salernis- og búningsaðstöðu í skóla- og frístundahúsnæði borgarinnar.

### Markmið

Að í öllu skóla- og frístundahúsnæði verði boðið upp á ókyngreind salerni og búningsaðstöðu.

### Helstu verkefni:

1. Kanna hvar þarf að breyta salernum og búningsklefum til að mæta þörfum trans barna og ungmenna. Gerð verður könnun meðal skólastjórnenda og unnið með úttektir sem þegar hafa verið gerðar á skóla- og frístundahúsnæði
2. Gera tillögu um verklag við nýbyggingar til að tryggja að þörfum trans barna og ungmenna sé mætt
3. Gera tillögu að endurbótum á salernum og búningsklefum í ljósi laga nr. 80/2019 um kynrænt sjálfræði og breytinga sem er að vænta á reglugerð 941/2002 um hollustuhætti
4. Forgangsraða breytingum á eldra skóla- og frístundahúsnæði
5. Vinna kostnaðarmat sem fylgir tillögunum

### Ábyrgðarmaður starfshóps:

Anna Kristinsdóttir, mannréttindastjóri

**Starfshópin skipa:**

Svandís Anna Sigurðardóttir, mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu Reykjavíkurborgar,  
formaður

Fulltrúi umhverfis- og skipulagssviðs

Fulltrúi umhverfis- og skipulagssvið, frá heilbrigðiseftirlitinu

Fulltrúi skóla- og frístundasviðs

Fulltrúi íþróttá- og tómsundasviðs

**Starfstími vinnuhóps:**

1. október 2021, skil á stöðu- og kostnaðarmati á forgangsverkefnum fyrir árið 2022

**Til mögulegrar ráðgjafar og samstarfs, meðal annars:**

Svið og skrifstofur Reykjavíkurborgar  
Hagsmunasamtök

Reykjavík, 29. apríl 2021



Reykjavík, 8.6.2020

R18110164

Lagt fyrir fund mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráðs 25. júní 2020

## Minnisblað

**Viðtakandi:** Mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráð

**Sendandi:** Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa

---

**Efni:** Fyrsti hluti úttektar á aðgengi að húsnæði í eigu Reykjavíkurborgar

### Forsaga

Á fundi mannréttinda-, og lýðræðisráðs 5. júlí 2018, var samþykkt svohljóðandi tillaga ráðsins um kynhlutlaus salerni og úttekt á klefa- og salernisaðstæðum í húsnæði í eigu Reykjavíkurborgar. R18070064:

Lagt er til að öll salerni fyrir starfsfólk í stjórnsýsluhúsum Reykjavíkurborgar, þ.e. á Höfðatorgi og í Ráðhúsi, verði gerð ókyngreind frá og með hausti 2018. Samráðsferli við starfsfólk fari fram áður en að farið verði í framkvæmdir. Í framhaldi verði gerð úttekt á klefa- og salernisaðstæðum í húsnæði þar sem Reykjavíkurborg veitir þjónustu. Þetta verði gert í samráði við þau hagsmunasamtök er málið varðar. Mannréttindaskrifstofu verði falið að útfæra nánar með hvaða hætti þetta verði unnið. Að þessu loknu verði lagðar fram tillögur til úrbóta sem taki mið af ólíkum þörfum borgarbúa og þeirra sem heimsækja borgina.

### Greinagerð með tillögu:

Kyngreind salerni og klefar í skólum og sundlaugum leiða til þess að ýmsir telja sig ekki geta nýtt sér þjónustu borgarinnar sem leiðir af sér mismunun. Með því að hafa salernin öllum opin og sérklefa þar sem það á við er komið til móts við þarfir margra hópa, svo sem:

- Trans fólk (og börn), þ.m.t. kynsegin fólk
- Intersex fólk (og börn)
- Foreldrar fatlaðra barna og barna sem þurfa sérstaka aðstoð og eru af öðru kyni
- Fatlað fólk með aðstoðarmann af öðru kyni
- Börn að aðstoða foreldra sem eru af öðru kyni

Sérklefar nýtast einnig fólki með heilsufarsvanda, svo sem stóma.

Ókyngreind salerni ættu einnig að skapa öruggara rými fyrir trans og intersex fólk og leiða til þess að þau verði síður fyrir fordómum.

## **Framkvæmd**

Ákveðið var að byrja á að skoða grunnskóla, þjónustumiðstöðvar, sundlaugar, bókasöfn og listasöfn. Bréf var sent á alla staðina þar sem óskað var eftir upplýsingum um salernisaðstöðu og hvort hún væri kyngreind eða ókyngreind. Þeir staðir sem ekki svöruðu ítrekuðum fyrirspurnum voru flokkaðir eftir hverfum og valdir til að skoða í úttekt.

Valin voru þrjú hverfi til að byrja á og fá sýn á stöðuna. Þau voru valin vegna þess að vitað var til að þjónustan í þessum hverfum var í fjölbreytilegu húsnæði, nýbyggingum sem og eldra húsnæði. Fyrst voru send tilkynningarbréf á úttektarstaðina og beðið var um tengiliði til að vera í sambandi við og fá leiðsögn um húsnæðin.

Í úttektunum var skráður fjöldi salerna og klefa, tegund salerna (básar eða aflokuð einstaklingssalerni) og hvernig kynmerkingum þeirra er háttað. Jafnframt voru aðgengismál skoðuð hvað varðar salerni og klefa ætluðum fötluðu fólk.

## **Staðir**

Vesturbær og miðbær: Austurbæjarskóli, Grandaskóli, Melaskóli, Hagaskóli, Vesturbæjarskóli, KR – íþróttahús, Ylströnd og Valur- íþróttahús.

Árbær og norðlingaholt: Árbæjarlaug, Árbæjarskóli, Ártúnsskóli, Norðlingaskóli, Fylkir – Norðlingabraut og Fylkir Fylkisvegi.

Breiðholt: Fellaskóli, Hólabrekkuskóli, Leiknir, íþróttahús Austurbergi, Ölduselsskóli og íþróttahús Breiðholtsskóla.

## **Meginniðurstöður**

- Mikil þörf er á úrbótum í flestum grunnskólum og sumum íþróttabyggingum, bæði hvað varðar salernismerkingar og aðgengi fyrir fatlað fólk.
- Engar samræmdar merkingar eru í notkun fyrir salerni í húsnæði á vegum Reykjavíkurborgar. Merkingar á kyngreindum og ókyngreindum salernum sem og salernum fyrir fatlað fólk voru mjög mismunandi eftir stöðum.
- Nýjustu húsnæðin komu lang best út líkt og búist var við. Bæði hvað varðar merkingar og aðgengi. Þar voru flest salernin aflokuð einstaklingssalerni og með ókyngreindar merkingar.
- Ástæður sem gefnar voru fyrir lélegu ástandi í eldra húsnæði voru meðal annars aldur byggingarinnar, erfitt væri að breyta húsnæði vegna húsafriðunar, ekki mætti hreyfa við arkitektúrnum, einungis básasalerni í boði svo erfitt væri að hafa ókyngreind salerni t.d. í grunnskólum með unglíngadeildir.